



Stofnstígur við Arnarneshæð Opnun tilboða – minnisblað

Reykjavík, 20. júlí 2015

Tilboð voru opnuð í verkið „Stofnstígur við Arnarneshæð“ á bæjarskrifstofum Garðabæjar föstudaginn 17. júlí 2015. Tvö tilboð bárust í verkið frá Urð og Grót ehf og Loftorku ehf og voru þau eftirfarandi:

Urð og Grjót ehf: 57.609.200.-
Loftorka: 80.759.200.-
Kostnaðaráætlun: 81.734.700.-

Engar villur fundust í tilboðunum við yfirferð. Eftir opnun bárust bæjarverkfræðingi Garðabæjar eftirfarandi skilaboð í tölvupósti frá fulltrúa Urðar og Grjóts ehf:

“Vegna útboðs í dag stofnstígar Arnarneshæð. Við vorum að yfirfara tilboðið okkar í þessu verki. Okkur urðu á ein mistök sem voru að Malbikið á stíginn er í lengdarmetrum í útboðsgögnunum. En við gáfum upp fermetraverð eins og hefð er fyrir, því það er alltaf reiknað í fermetrum nema í þessu tilfelli. Óskum við þá eftir því að þetta verði leiðrétt í tilboðinu að þetta verði haft í fermetrum á sama einingarverði og við buðum. Annars neyðumst við til þess að óskast til að falla frá tilboðinu. Með vinsemd og virðingu Gassi”

Það skal tekið fram að verkið er samstarfsverkefni Garðabæjar og Vegagerðarinnar og því var í þessu verki og fyrri útboðum á stígum stuðst við Alverk Vegagerðarinnar. Þar eru stígar boðnir út sem lengdarmetrar og breidd þeirra tilgreind. Einingarverð skal innifela malbik, mulning og burðarlag sem og alla vinnu við liðinn. Það er mat hönnuða að ekki sé hægt að hreyfa við einstaka einingarverðum innan tilboðs áður en gengið er til samninga um verkið á grundvelli tilboðs.

F.h. Landslags ehf
Þráinn Hauksson
landslagsarkitekt FÍLA